

12. gr.

Rekstur safnsins er greiddur af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er á fjárlögum.

Aðrar tekjur eru:

- a) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- b) Gjafir.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir samning við Rithöfundasamband Íslands um rétt til að framleiða og dreifa ritverkum hljóðrituðum og á blindralettri. Meðan slíkur samningur hefur ekki verið gerður skal farið eftir þeim samningum, sem safnið gerir við Rithöfundasambandið fyrir hönd rithöfunda.

Menntamálaráðuneytið, 24. apríl 1987.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um Kvennaskólann í Reykjavík, menntaskóla við Frikirkjuveg.

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Kvennaskólinn í Reykjavík er rekinn samkvæmt lögum nr. 12/1970 um menntaskóla.

2. gr.

Hlutverk skólans er að veita menntun sem nýtist sem undirbúningur starfs eða frekara náms. Námið og vistin í skólanum stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans.

3. gr.

Skólinn er ætlaður báðum kynjum jafnt. Hann skal eftir mætti varðveita arf sinn og standa vörð um þá jafnréttishugsjón er fólst í stofnun hans. Sérstök rækt skal lögð við kennslu í sagnfræði og móðurmáli og leitað leiða til þess að þær greinar, einkum móðurmálið, eflist í kennslu allra námsgreina skólans.

II. KAFLI

Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Skólinn starfar samkvæmt námskrá sem ráðuneytið setur. Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum, að fengnum tillögum skólanefndar.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar 3ja manna skólanefnd við skólann til fjögurra ára í senn. Skólanefnd markar skólanum heildarstefnu, fjallar um skipulagsmál hans, framkvæmdir, fjárhagsáætlanir og mannaáðningar.

Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar, annan samkvæmt tilnefningu borgarstjóra Reykjavíkur og hinn þriðji skal vera úr hópi fastra kennara skólans tilnefndur af kennarafundi. Skólameistari situr fundi skólanefndar og hefur málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Skólaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, tveimur kennurum og tveimur nemendum kosnum til tveggja ára í senn. Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur eftir nánari ákvörðun skólanefndar. Við kjör í skólaráð í fyrsta sinn skal annar fulltrúi kennara og nemenda kosinn til eins árs.

7. gr.

Í skólanum skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skólanum. Almenn samtök nemenda setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

8. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra fer eftir reglum er menntamálaráðuneytið setur.

9. gr.

Árlega skal gefa út námsvísi skólans og skólaskýrslu undir ritstjórn skólameistara.

III. KAFLI

Starfslíð.

10. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir viðmiðunarreglum menntamálaráðuneytis og fjárveitingu hverju sinni. Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara að fenginni tillögu skólanefndar Kvennaskólans. Menntamálaráðherra setur jafnframt eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara enda séu þær í samræmi við ákvæði laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

11. gr.

Borgarlæknir hefur undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar umsjón með heilsuvernd í skólanum í samræmi við gildandi lög. Borgarlækni er heimilt að fela heilsugæslustöð í nágrenni skólans að annast heilsuverndina.

IV. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

12. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólameistara í samráði við skólaráð. Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun geta sótt um skólavist. Heimilt er að víkja frá kröfum um lágmarksundirbúning hafi umsækjandi náð 18 ára aldri.

V. KAFLI

Um námsefni og kennslu.

13. gr.

Skólinn tekur nemendur inn einu sinni á ári. Nám við skólann skal skipulagt í áföngum og metið til eininga samkvæmt ákvæðum námskrár fyrir framhaldsskóla.

14. gr.

Í skólanum skal gefa kost á þremur brautum, þ.e. félagsfræða-, mála- og náttúrufræðibraut. Heimilt er að útskrifa nemendur af öðrum brautum ef tilskildum einingafjölda er náð skv. námskrá.

15. gr.

Um námsmat, próf og vitnisburði fer eftir ákvæðum námskrár en nánari reglur um þessa þætti svo og aðra er ástæða þykir til skal setja í námsvísi skólans.

16. gr.

Við skólann skal vera skólasafn til nota fyrir nemendur og kennara búið bókum og gögnum er stuðli að fjölbreyttum og árangursríkum kennsluháttum.

17. gr.

Skólinn skal veita fötluðum nemendum, sem í skólann eru teknir, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi eftir því sem kostur er. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytis.

18. gr.

Um starfstíma skólans fer eftir almennum reglum sem gilda um menntaskóla.

VI. KAFLI

Stofnbúnaður og rekstur.

19. gr.

Um stofnbúnað og rekstur Kvennaskólans fer eftir lögum um menntaskóla.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 12/1970 um menntaskóla. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. apríl 1987.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.